

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendahvarf – athafnasvæði. Víkurhvarf 7. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 13. nóvember 2018 breytingu á deiliskipulagi Víkurhvarfs 7. Í tillögunni felst að breyta niðurgrafinni bílgeymslu fyrir 34 bíla, um 900 m² að flatarmáli, í geymsluhúsnæði. Í tillögunni er ráðgert að fjölga bílastæðum á lóð (ofanjarðar) um 6 stæði. Heildarfjöldi bílastæða á lóð verður 60 stæði þ.e. 1 stæði á hverja 50 m² atvinnuhúsnæðis og 1 stæði á hverja 100 m² í geymsluhúsnæði.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi – milli vatns og vegar. Vatnsendablettir 730-739. Gilsbakkavegur 2-12 og húsagata A 1-18. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 25. september 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnsendabletti 730-739. Í breytingunni felst fjölgun íbúða, tilfærsla á byggingarreitum á lóðum og Gilsbakkavegur ásamt reiðleið hliðrast til suðurs. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir einni íbúð á hverri lóð en breytingartillagan gerir ráð fyrir 7 parhúsum, fjórbýlishúsi og fjölbýlishúsi með 5 íbúðum. Alls er það fjölgum um 13 íbúðir á skipulagssvæðinu.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 23. nóvember 2018.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2018